

**Fundargerð stjórnar BÍS 17/2014. miðvikudaginn 3. september 2014 kl. 17.30,
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Friður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs. Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Gestir undir lið 5: Birgir Ómarsson, Guðmundur Pálsson og Jón Halldór Jónasson.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt
3. Fimm mínútur foringjans. KÓ stýrði.
4. Yfirlit stjórnarmanna.
 - a. BB. Þessa dagana er verið að tala við þingmenn ofl vegna fjárlagabæiðnar okkar. Einnig er verið að svara tölvupóstum eftir þingið.
 - b. BS. Ungmennaráð búið að finna fundartíma. Er búin að hitta Æskulýðsvettvanginn tvisvar vegna verkefnisins „fundir ungs fólks“.
 - c. FFS. Það var endurmatsdagur vegna Landsmóts um helgina. Það er verið að undirbúa félagahéimsóknir og næstu skref í félagsmálum.
 - d. JÞG. Laganefndarfundur er á mánudaginn. Einn fundur hjá alþjóðaráði búinn frá síðasta fundi. JOTA/JOTA er í undirbúningi. Það er verið að undirbúa róverdagsskrá með dagskrárráði. Undirbúningur fyrir Norrænu skátaráðstefnunnar heldur áfram. NSK fundur er um næstu helgi.
 - e. KÓ. Fór yfir ferð sína og HS til USA í heimsókn til Endurvinnslufyrirtækis. Næsta skref er að gera raunhæfa áætlun um næstu skref og kynna fyrir stjórn. Einnig voru skoðaðar vörur fyrir Tjaldaleigu skáta og Skátabúðina.
 - f. ÓP. Það er byrja nýr Gilwell hópur á laugardaginn. 15 skráðir. Það er vilji á Akureyri að fá námskeið norður. Það lokaskref í næstu viku og eru 15 þátttakendur að klára.
 - g. UF. Framundan er Róvernet 18.-20.september. Það fara fjórir frá BÍS. Þetta er á vegum WOSM og haldið á Úlfliótsvatni.
5. Meginviðfangefni
 - a. Ímyndin okkar
 - i. Myndabanki. BÓ fór yfir forsögu myndabankans og tengdi það við ímyndarvinnuna sem búið var að vinna. Það eru til 40 nýjar myndir flokkaðar í þrjá gæðaflokka. Næstu skref er að GBB mun tala við fjölmiðla og fara í samstarf um notkun myndana. Tryggja þarf að skátafélögin fái myndirnar og leiðbeiningar um notkun þeirra.
 - ii. Upplýsinga- og samskiptaheimar skáta. JHJ fór yfir vinnu starfsmanna Skátamiðstöðvarinnar sl. vetur.

- iii. Vefmál og útgáfa BÍS. JHJ fór yfir vinnu stýrihópsins sl. mánuði. Stærsta stökkið er á facebook hefur notendum fjölgað úr rúmum 700 í tæpa 3500 fylgjendur frá því stýrihópur til starfa fyrir rúmu ári. Skátarnir voru að skrá sig á Instagram #skátarnir. Nýr dagskrár- og verkefnavefur er handan við hornið. Búið var til nýtt viðmót fyrir heimasíður skátafélaga. Það var mikill áhugi, vinnan gekk hægt en er á réttri leið. Það eru fleiri skátafélög að bæstast við í hópin og er spennandi vetur fram undan.

Gagnlegar umræður voru um þessa liði og ímynd skátastarfs. Stjórn þakkar þeim fyrir vinnuna og óskar þeim góðs gengis áfram. GBB/KÓ falið að leita leiða til að gera könnun á ímynd skátastarfs og kynna á næsta fundi.

- b. Þjónustuheimsóknir BÍS til skátafélaga. Staða skátafélaga. JA fór yfir stöðu skátafélaganna og fór yfir tímaáætlun stjórnar fyrir þjónustuheimsóknir til skátafélaga.

6. Afgreiðslumál

- a. Starfsyfirlit starfsmanna. Lá frammi.
- b. Ábyrgð stjórnarmanna. BB lagði fram gögn um ábyrgð aðila í æskulýðsstarfi og er til handa áhugasömum.

7. Önnur mál

- a. Pólland. JÞG greindi frá frekari samskiptum við samstarfsverkefni við Pólland. Samskiptaörðugleikar hallar á báða aðila. JÞG leggur til að halda fund með pólska bandalaginu ásamt HS. Þeir koma með tillögur til stjórnar.
- b. Róverway 2016. Alþjóðaráð leggur til að BÍS taki þátt í þessum viðburði. Samþykkt. Stjórn felur HS að auglýsa eftir aðila í undirbúningshóp.
- c. Þátttaka á viðburðum á næsta ári. Alþjóðaráð leggur til að taka þátt í eftirtöldum viðburðum eftir styrkur fæst í verkefnið.
 - i. Educational forum 2015 í Tyrklandi. Samþykkt og JÞG er falið að kvitta undir umsókn. Markmiðið er að safna þátttakendum á WSM2017.
 - ii. Partnership event. Samþykkt og JÞG er falið að kvitta undir umsókn. Markmiðið er að safna þátttakendum á WSM2017.
- d. Óskað var eftir því að víxla stjórnarfundum yfir á hina miðvikudagana. Ákvörðun frestað til næsta fundar.
- e. Bland í poka. Vegna óviðráðanlega orsaka var viðburðinum frestað. BB og HS er falið að finna góða dagsetningu og auglýsa með hefðbundnum hætti. Góðar umræður voru um viðburðinn.

Fundi slitið kl. 20:40.

Fundargerð ritaði HS